



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 30. apríl 2009.

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 30. apríl breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Annars vegar er um að ræða breytingu á ákvæðum allra reglugerða er snúa að nafni á efstu deildum karla og kvenna og hins vegar breytingu á ákvæði um viðurlög við brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra sbr. 18. grein í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Reglugerðir KSÍ

Í samræmi við grein 23.1.1. og grein 32.1.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót samþykkir stjórn KSÍ að nafn efstu deilda meistaraflokks karla og kvenna verði Pepsi-deildin.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál Grein 13 – viðurlög við agabrotum

Gerð er breyting grein 13.9.5. sem fjallar um viðurlög við brotum vegna tilkynningar framkvæmdastjóra KSÍ sbr. 18. grein sömu reglugerðar.

Grein 13.9.5. hljóðaði svo:

13.9.5. Brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra KSÍ sbr. 18. grein hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins þ.á.m. áminningu, ávítur, sektir að fjárhæð kr. 50.000 og leikbann

Grein 13.9.5. verður:

13.9.5. Brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra KSÍ sbr. 18. grein hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins, sekt að fjárhæð kr. 50.000 en þó ekki lægri en kr. 25.000 og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið

Í breytingunni felst að viðlög fyrir brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra sbr. 18. grein verða hert og verða hið minnsta 25.000 króna sekt.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

framkvæmdastjóri KSÍ